



KENNASAMBAND Íslands  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Bt. Guðni Ólgeirsson

Sölvhólsögðu 4

150 Reykjavík

Reykjavík, 2. september 2020

2009018FG PLD

Efni: Umsögn Félags grunnskólakennara um reglugerðabreytingu á lögum um grunnskóla er varða heimakennslu

Félag grunnskólakennara leggur fram nokkrar almennar athugasemdir varðandi heimakennslu sem það telur mikilvægt að hafa í huga. Af þeim leiðir að goldinn er varhugur við frekari útbreiðslu eða upptöku heimakennslu. Grundvallarhugsjón íslensks menntakerfis er stefnan um nám án aðgreiningar. Mikilvægur þáttur hennar er hinn almenni grunnskóli. Töluverð vinna hefur farið fram á síðustu misserum til að festa stefnuna í sessi og tryggja að hún komist til framkvæmda. Heimaskólun, án gildra og sértækra ástæðna, er aðgreinandi í sjálfu sér og samrýmist illa meginmarkmiði íslensks skólastarfs.

Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var af Menntavísindasviði voru tengsl milli skóla og barna af erlendum uppruna eða í viðkvæmri félagslegri stöðu líklegri til að rofna á meðan samfélagið tókst á við Covid. Þá var fyrrnefndi hópurinn í meiri vandræðum í fjarnámi. Mikilvægt er að standa vörð um þá stefnu að skólinn sé fyrir öll börn, óháð félagslegum bakgrunni, og að innan hans þrífist samfélag allra. Aukin heimaskólun getur haft í för með sér einsleitara skólasamfélag og aukið einangrun viðkvæmra hópa. Þá getur heimaskólun unnið gegn markmiðum um atvinnuþátttöku og aðlögun viðkvæmra hópa í íslensku samfélagi, t.d. með þrýstingi um að mæður haldi sig inni á heimilum.

Í skólum eiga börn örugga höfn þar sem velferð þeirra og öryggi á að vera tryggt. Skólinn er þannig öryggisnet í samfélaginu, sem m.a. gegnir lykilhlutverki við að verja börn gegn ofbeldi eða vanrækslu auk þess sem faglegt mat er lagt á framfarir og þroska. Slíku hlutverki er ekki hægt að gegna með sama hætti án skólaskyldu og almennra skóla. Réttur barna til menntunar og öryggis á að skipta meira máli en önnur sjónarmið, t.d. vegna búsetu, lífsskoðana eða afstöðu foreldra. Í aðalnámskrá er m.a. kveðið á um að börn skuli læra um lýðræði með því að ástunda það í lýðræðislegu samfélagi skólans. Þá eru fjölmörg námsmarkmið sem byggja á því að nám fari fram í samfélagi jafningja. Skólar



KENNARASAMBAND Íslands  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

gegna lykilhlutverki í félagsneti barna og í skólum myndast tengsl sem erfitt eða ómögulegt getur verið að tryggja í heimaskólun.

Í lærdómssamfélagi skólanna búa börn við öryggi vegna samábyrgðar fagfólks. Aðeins með þeim hætti er hægt að einstaklingsmiða nám eins og börn eiga rétt til. Auk ytra stoðkerfis er til staðar kerfi sem tryggja á að þarfir nemenda séu ljósar, staða þeirra metin og að gripið sé til viðbragða eftir því sem við á. Námsmat er faglegt viðfangsefni sem byggir á flóknu samspili matstækja og aðstæðna. Slík ábyrgð verður ekki sett á herðar öðrum en þeim sem hafa til að bera faglega hæfni, hvort sem er með stuðningi formlegra skóla eða ekki. Fráleitt er að fella niður kröfu um kennsluréttindi þeirra sem standa að heimaskólun. Ákveðinn misskilningur er í því að tækniframfarir kalli á aukna heimaskólun enda geti nám flust með einföldum hætti yfir á netið. Rannsóknir sýna að svo er alls ekki. Tækni leysir ekki af hólmi hefðbundið skólastarf, þótt vissulega skapi hún margvísleg tækifæri. Eftir sem áður er það hið gagnvirka samband nemanda og kennara sem ræður mestu. Gæðakennsla er lykill að farsælli nýtingu tækninnar. Aftur á móti getur skapast verulegur freistnivandi í skjóli þessa misskilnings. Sveitastjórnarstigið á Íslandi á undir högg að sækja og viðkvæmar byggðir eru bæði margar og víðfemar. Illa hefur gengið að styrkja sveitarfélög og tilraunir til að fækka þeim hafa mætt verulegri andstöðu. Þá hefur rekstur sveitafélaga verið þungur ef undan eru skilin mikil hagvaxtarskeið. Rekstur skóla er grundvallarverkefni sveitarfélaga og hætt er við því að heimaskólun verði nýtt í þeim tilgangi að réttlæta takmörkun á hefðbundnu skólastarfi. Slíkt er óverjandi með öllu. Skólum er fyllilega treystandi til að nýta tæknina þar sem hún kemur að gagni, t.d. vegna búsetu, veikinda eða annarra þátta. Slíkt skólastarf á að standa öllum börnum til boða og sveitarfélög eiga að tryggja gæðamenntun fyrir öll börn. Heimaskólun getur, og mun mjög líklega, grafa undan meginábyrgð yfirvalda gagnvart börnum sem þau eiga þegar í mörgum tilfellum erfitt með að standa undir. Hér duga engin undanbrögð. Öll börn eiga rétt á námi í sínum skóla. Heimaskólun ætti að vera takmarkað úrræði sem aðeins er beitt af mikilli varkárni í því eðlilega samstarfi skóla, barna og foreldra sem þegar er kveðið á um í lögum og reglum.

Aukin áhersla á heimaskólun er ekki aðeins í andstöðu við grundvallarstefnu íslenska menntakerfisins heldur er hún ýmist í andstöðu við eða misskilið viðbragð við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Hún er tímaskekkja hjá þjóð sem stærir sig af jafnrétti og jöfnuði og samrýmist ekki þeirri hugmyndafræði sem menntayfirvöld hafa talað fyrir.

Virðingarfyllt,

*Þorgerður Laufey Diðriksdóttir*

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

formaður Félags grunnskólakennara